

## **Starfsreglur foreldrafélagsins Fífunnar**

Í lögum um leikskóla nr. 48/1991 er í 2.gr. kveðið á um samráð leikskólans og foreldra eða annarra forráðamanna við að veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun og í 12. gr. laganna segir að rekstraraðila leikskóla sé skylt að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og leikskólans í því skyni að efla samstarf þessara aðila um velferð barnsins. Til að ákvæðum þessum verði fullnægt er nauðsynlegt að foreldrar/forráðamenn leikskólabarna hafi með sér félag. Í því skyni m.a. til að fullnægja ákvæðum leikskólalaga stofnuðu foreldrar leikskólans Fífuborgar með sér foreldrafélagið Fífu og settu sér eftirfarandi starfsreglur:

**1.gr.** Félagið heitir Foreldrafélagið Fífan.

**2. gr.** Félagar eru: Foreldrar eða forráðamenn barna á Fífuborg.

**3. gr.** Markmið foreldrafélagsins era ð stuðla að velferð barna með því m.a. vinna að eftirgreindu:

a) Aukinni samvinnu foreldra og starfsfólks og foreldra innbyrðis um aðbúnað og starfsemi leikskólans.

b) Því að leggja hagsmunum barna lið út á við.

**4. gr.** Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi. Gjaldið greiðist einu sinni á ári. Gjaldið rennur í sjóð sem stendur straum af kostnaði við starfsemi félagsins.

**5. gr.** Kosning til stjórnar félagsins skal fara fram á aðalfundi. Stefnt skal að því að hver deild eigi tvo fulltrúa í stjórninni. Auk þess skal starfsfólk kjósa einn fulltrúa til setu í henni þannig að samtals skipi stjórn 9 fulltrúa. Æskilegt er að hluti fulltrúa sitji tvö ár í senn í stjórn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Kjósa skal formann, gjaldkera og ritara.

**6. gr.** Félagsmenn skulu á aðalfundi móta leiðir að markmiðum félagsins. Bókfæra skal allar ákvarðanir.

**7. gr.** Stjórn félagsins hefur forgöngu um alla vinnu við starfsemi þess. Val verkefna og vinna stjórnarmanna og annarra félagsmanna við þau skal vera innan ramma markmiða félagsins og að því marki sem þeirra nýtur við skal alfarið farið eftir ákvörðunum aðalfundar um leiðir að því. Stjórnin kemur svo saman svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en ársfjórðungslega.

**8. gr.** Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. sept – 1. nóv. ár hvert og skal boða til hans með auglýsingu með minnst viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

a) skýrsla stjórnarformanns um starfsemi félagsins.

b) reikningar félagsins.

c) Kosning til stjórnar.

d) Lagabreytingar.

e) Ákvörðun félagsgjalda og önnur mál.

**9. gr.** Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn skriflega í síðasta lagi 3 dögum fyrir auglýstan fund. Lagabreytingar ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiðið þeim atkvæði.